

Tryggingafræðileg staða Lífeyrissjóðs bankamanna 2015

Bjarni Guðmundsson, Cand.Act.

Mat lífeyrisgreiðslna

- Greiðslur framtíðar áætlaðar eftir :
 - Skráðum réttindum sjóðfélaga og lífeyrisþega þegar athugun fer fram
 - Væntri viðbót réttinda fram að töku lífeyris í samræmi við greidd iðgjöld síðasta árs
- Tekið tillit til líkanda þess að sjóðfélagar falli frá eða verði öryrkjar
- Einnig gert ráð fyrir kostnaði við rekstur sjóðsins
- Niðurstaðan er áætlun um greiðslur sjóðsins til framtíðar, ár fyrir ár

Mat eigna

- Fyrir framtíðar iðgjöld reiknað svipað og fyrir réttindi:
 - Gengið er út frá iðgjaldagreiðslum síðasta árs, verðtryggðum og hugsanlega gert ráð fyrir launahækkunum
 - Gert ráð fyrir að allir sem greiddu á síðasta ári greiði áfram
 - Ekki er gert ráð fyrir nýjum sjóðfélögum
 - Tekið tillit til líkanda þess að sjóðfélagar falli frá eða verði öryrkjar
- Niðurstaðan er áætlun um greiðslur iðgjalda til sjóðsins, ár fyrir ár

Niðurstaða

- Þegar áætlun um greiðslur lífeyris og innborgun iðgjalda liggur fyrir er fundið núvirði miðað við tiltekna ávöxtunarkröfu
- Sem líka má orða þannig að fundið er hversu háa fjárhæð þyrfti að leggja til hliðar, til að standa undir þeim greiðslum sem áætlaðar eru
- Lagt er mat á núverandi eignir sjóðssins með sömu ávöxtunarkröfu og mismunur frá bókfærðu verði kallað endurmat
- Einnig er frávikaðferð notuð við mat eigna sem eru á virkum mörkuðum, notað lágmark áramóta, m.tals 3ja mánaða

Áfallin staða og heildar

- Ef aðeins er litið til útgjalda vegna þeirra réttinda sem sjóðfélagar hafa aflað þegar athugun fer fram er talað um **áfallna stöðu**
- Á móti þeim útgjöldum stendur núverandi eign
- Með **heildar stöðu** er átt við að bætt er við réttindum vegna þeirra iðgjalda sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða
- Þá er verðmæti iðgjalda bætt við núverandi eignir

Reikniforsendur 2015

- Óbreyttar frá fyrra ári :
- Íslenskar lífslíkur byggðar á reynslu áranna 2007-2011
- Örorkulíkur 60% af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002
- Ávöxtun 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar
- Fyrir Hlutfallsdeild er gert ráð fyrir 0,5% árlegri hækkun launa umfram verðlag
- Í Hlutfallsdeild nú gert ráð fyrir 50% nýtingu 95 ára reglu

Aldursdeild 2015

- Ákvæði samþykkt að mestu óbreytt
- Reikniforsendur óbreyttar
- Ávöxtun að teknu tilliti til endurmats um **8,4%**
- Staða deildarinnar batnar vegna góðrar ávöxtunar
 - Áfallin staða fer úr -5,3% í -0,9%
- Ekki veruleg frávik frá öðrum reikniforsendum
- Að mestu búið að vinna upp halla sem fram kom 2008
- Aldursdeild ein fárra íslenskra sjóða sem ekki hefur skert réttindi

Aldursdeild 2015

TAFLA II. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA ALDURSDEILDAR 2015 – FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM

Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	30.470,9		30.470,9
Endurmat:	-213,3		-213,3
Fjárfestingagjöld:	347,0		347,0
Iðgjöld:		24.998,5	24.998,5
Samtals:	30.604,6	24.998,5	55.603,1
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	26.279,5	20.634,1	46.913,6
Örorkulífeyrir:	2.909,3	2.671,6	5.580,9
Makalífeyrir:	1.262,4	848,7	2.111,1
Barnalífeyrir:	8,3	145,5	153,8
Kostnaður:	421,0	681,3	1.102,3
Samtals:	30.880,5	24.981,2	55.861,7
Mismunur:	-275,9	17,3	-258,6
Hlutf. af skuldb.	-0,9%	0,1%	-0,5%

Hlutfallsdeild 2015

- Gert ráð fyrir 50% nýtingu 95 ára reglu
- Aðrar reikniforsendur óbreyttar
- Mat rekstrakostnaðar tekur mið af spá um stærð Hlutfalls- og Aldursdeilda


Hlutfallsdeild 2015

TAFLA I. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA HLUTFALLSDEILDAR 2015 – FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	37.121,1		37.121,1
Endurmat:	1.597,8		1.597,8
Fjárfestingagiöld:	-154,3		-154,3
Iðgjöld:		1.362,7	1.362,7
Samtals:	38.564,6	1.362,7	39.927,3
Skuldbindingar			
Eftirlaunalífeyrir:	32.624,0	1.700,0	34.324,0
Örorkulífeyrir:	1.138,3	84,8	1.223,1
Makalífeyrir:	5.001,4	134,3	5.135,7
Barnalífeyrir:	4,5	1,8	6,3
Kostnaður:	278,7	31,2	309,9
Samtals:	39.046,9	1.952,1	40.999,0
Mismunur:	-482,3	-589,4	-1.071,7
Hlutf. af skuldb.	-1,2%	-30,2%	-2,6%

Hlutfallsdeild 2015

- Staða hlutfallsdeildar 2015 er innan allra marka laga og samþykkt
- Staða deildarinnar stendur í stað frá síðasta ári m.v. úttekt sem gerð var með 50% nýtingu 95 ára
- Raunávöxtun miðað við endurmetna eign 4,2%
- Áfallnar skuldbindingar reiknast um 300M hærrí en búast hefði mátt við miðað við forsendur, sem skýrir hvers vegna staða deildarinnar batnar ekki þrátt fyrir ávöxtun umfram viðmið

Hlutfallsdeild 2015



Hlutfallsdeild 2015

- Breyting var ekki gerð á mati lífslíkna við tryggingafræðilegar athuganir við lok 2015 eins og boðað hafði verið
- Verði tekin upp spá um áframhaldandi lækkun dánartíðni mun mat skuldbindinga lífeyrissjóða hækka í einu lagi (búast má við 7 prósentustigum á áföllnum skuldbindingum hjá Hlutfallsdeild)

Lífeyrissjóður bankamanna 2015

- Takk fyrir !